

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 469/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Aðalsteini Aðalsteinssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Hegningarauki. Áfengislagabrot. Upptaka eigna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1994, hvað ákærða varðar, í samræmi við yfirlýsingu hans um áfrýjun málsins til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga. Krefst ákærði, að refsing á hendur sér samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

Af hálfu ákærvalds hefur málinu einnig verið áfrýjað til þyngingar refsingu.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að taka mið af þeim ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getið er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt því þykir refsing á hendur honum hæfilega ákveðin tíu mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna svo og sakarkostnað, hvað ákærða varðar. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti fangelsi í tíu mánuði. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna og sakarkostnað skulu vera óröskuð, hvað hann varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október 1994.

Mál þetta, sem var dómtekið 25. október sl., er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæru, út gefinni 27. september 1994 og birtri 23. og 24. þ. m., á hendur Aðalsteini Aðalsteinssyni, Klapparstíg 18, Reykjavík, fæddum 12. febrúar 1965 (fæðingarnúmer 423), og X [...] fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar.

I. Gegn ákærða Aðalsteini fyrir að hafa:

1. aðfaranótt föstudags 29. október 1993 brotist í félagi við annan mann inn í skrifstofuhúsnæði verksmiðjunnar Kötlu, Eirhöfða 18, og stolið þaðan um 800 þýskum mörkum og um 100 hollenskum gyllinum og

2. aðfaranótt þriðjudags 2. nóvember 1993 brotist inn á sama stað og stolið þaðan peningaskáp með ýmsum verðmætum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Gegn ákærðu báðum fyrir að hafa:

að kvöldi miðvikudags 6. apríl 1994 brotist í félagi í þjófnaðarskyni inn í verslunina Gripið og greitt, Skútuvogi 4.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

III. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Hinn 10. október sl. var gefin út ákæra á hendur Aðalsteini fyrir áfengislagabrot með því að hafa í desember 1993 á heimili sínu bruggað um 400 lítra af áfengi og eimað af því 17 lítra af sterku áfengi.

Telst þetta varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 og 2. gr. laga nr. 38/1988 um breytingar á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-töku skv. 8. gr. áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á eftirtöldu áfengi og áhöldum til áfengisgerðar, sem lagt var hald á við rann-sókn málsins:

- eimingartækjum með 25 lítra mjólkurbrúsa,
- þremur 200 lítra plasttunnum,
- tveimur pokum af viðarkolum,
- handdælu,
- 270 lítrum af bruggi, svokölluðum gamba,
- og 17 lítrum af sterku, eimuðu áfengi.

Síðari ákæra var birt ákærða í dag og málin sameinuð.

Ákærðu hafa skýlaust gengist við sakargiftum. Ekkert bendir til annars en þeir hafi aðhafst það, sem þeir eru sakaðir um. Sakir teljast því sannaðar með játningu ákærðu. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Peningar, sem ákærði Aðalsteinn stal 29. október, voru um 40.000 króna

virði, og virðist hann hafa fengið þá í sinn hlut. Þeir hafa ekki komið til skila.

Samkvæmt játningu ákærða Aðalsteins kom hann aftur á innbrotsstað 2. nóvember, velti peningaskápnnum niður stigann, reyndi árangurslaust að opna hann, flutti hann út úr húsinu, faldi hann og vitjaði hans síðan daginn eftir, en var þá staðinn að verki og handtekinn á vettvangi. Honum tókst ekki að ná neinum verðmætum úr skápnnum, en hann braut rúðu og skemmdi stigann, múrhúðun á vegg, læsingarjárn á hurð og slípirokk, sem hann reyndi að opna skápin með.

X átti frumkvæði að innbrotinu í Skútuvogi. Hann stal lyklum frá starfsmanni verslunarinnar og fékk síðan Aðalstein í lið með sér. X fór einn inn, braut upp skápa og tók úr þeim vindlinga. Aðalsteinn kom síðan til liðs við hann, og hjálpuðust þeir að við að raða vindlingunum í körfur. Þeir flýðu af vettvangi, þegar þeir heyrðu til varðmanns, og skildu þýfið eftir, en það var að áliti verslunareigandans jafnvirði 2.537.334,19 króna.

Sakaferill Aðalsteins hófst árið 1981, þegar hann var 16 ára, og hefur verið samfelldur frá upphafi. Frá 18 ára aldri hefur hann sætt refsingum tuttugu og fimm sinnum, þar af fangelsisrefsingu samtals í um fimm ár, þar af ellefu mánuði skilorðsbundið, í níu tilvikum fyrir þjófnaðarbrot og einu sinni jafnframt fyrir fjárdrátt, en einnig fyrir fíkniefnabrot. 1. júní 1984 hlaut hann átta mánaða fangelsi, hegningarauka, en þá var sex mánaða skilorðsdómur dæmdur með, og 10. ágúst 1987 voru 160 dagar reynslulausnar felldir inn í refsingu. Hann var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað 17. nóvember 1993 og fyrir tilraun til þjófnaðar 9. febrúar sl., hegningarauka, en ekki gerð sérstök refsing. Þá fékk hann 11.000 kr. sekt 29. mars sl., hegningarauka, fyrir fíkniefnabrot. 27. júní sl. var hann dæmdur hér fyrir dómi í sex mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir innbrotspjófnað 1. september 1993.

Refsing fyrir innbrotin 29. október og 2. nóvember 1993 verður hegningarauki við fjórar síðustu refsíakvarðanir, áfengislagabrotið við þrjár síðustu og síðara innbrotið við síðasta dóm. Ákærði Aðalsteinn hefur lagt þjófnaðarbrot í vana sinn. Við ákvörðun refsingar þykir bera að fara eftir ákvæðum 70. gr., 71. gr., 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða, verðmætum í húfi og tjóni, sem af brotum hefur leitt, þykir nú bera að ákveða viðurlög eins og greinir í dómsorði.

— — —

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu ákærvalds hefur verið krafist saksóknarlauna, án þess að sú krafa hafi verið rökstudd á nokkurn hátt. Ekki hafa þótt efni til að gera sérstaka athugun í tilefni þessarar kröfu. Samkvæmt eldri lögum um meðferð opinberra mála voru ekki dæmd saksóknarlaun í játningarmálum, enda kom þá sjaldnast til þess, að sótt væri þing af hálfu ákærvalds. Kom þá aðeins til greiðslu saksóknarlauna, þegar mál var sótt og varið munnlega. Með gildistöku laga nr. 19/1991 var tekin upp sú regla, að jafnan skyldi sótt þing af hálfu ákærvalds og að mál skyldi sæta munnlegri aðalmeðferð, ef ekki væri skýlaust gengist við sök. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 164. gr., 1. mgr. 165. gr. og 1. mgr. 168. gr. um saksóknarlaun eru ekki svo skýr sem vert væri, og hefur þess ekki verið gætt sem skyldi að breyta orðalagi frá eldri lögum til samræmis við hina nýju skipan á málsmeðferð, sem upp var tekin með lög-
töku gildandi laga, en ákvæði þeirra hafa verið skilin svo, að ekki væri ætlast til, að sakbornum mönnum væri íþyngt með sakarkostnaði í verulegum mæli vegna saksóknarlauna umfram það, sem við gekkst eftir eldri lögum. Þau hafa því einungis verið dæmd, þegar mál hefur sætt aðalmeðferð. Meðferð ákærvaldsins er einn þáttur ríkisvalds, og kostnaður við hana hlýtur að greiðast að mestu leyti af almannafé. Ekki verða séð rök til að hverfa frá þeim háttum, sem hafa verið á hafðir um ákvörðun saksóknarlauna um sinn, og ber því að hafna kröfu ákærvaldsins um saksóknarlaun.

D ó m s o r ð :

Ákærði Aðalsteinn Aðalsteinsson sæti fimmtán mánaða fangelsi, upptöku á eimingartækjum með 25 lítra mjólkurbrúsa, þremur 200 lítra plasttunnum, tveimur pokum af viðarkolum, handdælu, 270 lítrum af gamba og 17 lítrum af sterku, eimuðu áfengi og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur.

Ákærði X sæti fimm mánaða fangelsi, en fullnustu tveggja mánaða fangelsisrefsingar þar af er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Hrunðið er kröfu ákærvalds um saksóknarlaun.

Annan sakarkostnað greiði Aðalsteinn að þremur fjórðu hlutum, en X að öðru leyti.